# Aðgangsviðmið fyrir ferðamálafræði við Hólaskóla – Háskólann á Hólum

### *Almenn lýsing*

Við upphaf náms við Háskólann á Hólum þurfa nemendur að hafa gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Auk þess skulu nemendur hafa grunnþekkingu á stærðfræði og tölfræði. Nemendur skulu geta notað tölvur sér til gagns og þekkja til algengustu ritvinnsluforrita og töflureikna. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu í félagsvísindum.

### *Aðgangsviðmið fyrir ferðamáladeild – diplómunám í ferðamálafræði, diplómunám í viðburðastjórnun, BA-nám í ferðamálafræði*

Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 3. hæfniþrepi í ensku, einkum hvað varðar lestur fræðitexta.
- 2. hæfniþrepi í stærðfræði, einkum á sviði tölfræði.
- 2. hæfniþrepi í samfélagsgrein, einkum hvað varðar að vega og meta áhrif umhverfis, sögu og menningar.

Hólum í Hjaltadal, 24. desember 2013

Guðrún Helgadóttir, deildarstjóri